

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem holræsalignir liggja, skal greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Garðabæjar.

2. gr.

Fjárhæð holræsagjalds skv. 1. gr. skal vera 0,07% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

3. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður holræsagjald, sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða samkvæmt reglugerð þessari, í samræmi við nánari ákvörðun þar um.

4. gr.

Holræsagjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimta með sama hætti og fasteignaskatt.

5. gr.

Húseigandi og lóðarhafi, lóðareigandi ef um eignarlóð er að ræða, bera ábyrgð á greiðslu holræsagjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjald í Garðabæ nr. 159/1993, sbr. reglugerð nr. 154/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. apríl 2001.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Vogum eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

2. gr.

Holræsgjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsgjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinna skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsgjaldið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjalddagar holræsgjaldsins eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist holræsgjaldið með fasteignaskatti.

4. gr.

Holræsgjald tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega er heimilt að lækka eða fella niður samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, nr. 48/1970, sbr. reglugerð nr. 43/1976.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. apríl 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Stykkishólms.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Stykkishólms er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,27 hundraðshlutar af fasteignamati, sbr. A-flokk.

Vatnsgjald er 0,44 hundraðshlutar af fasteignamati af öðru húsnæði.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera 18 krónur fyrir neysluvatn á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla er kr. 11.804 á ári.

Gjalddagar leigugjalds eru þeir sömu og við innheimtu aukavatnsskattsins sjálfs, nú fjór-um sinnum á ári. Leigugjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.

4. gr.

Stofngjald vatnsveitu kr. 36,78 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Gjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.